3. Frú Ásta Hallgrímsson f. Thorgrímsen.
Fyrirsögn: Frú Ásta og heillatölur hennar.
Athugasemd Jóns Pálssonar: Lauslega ritað
að gamni 7. júli 1937 og viðbót 27. júli 1938.
2 blöð qto.

Jón Pálsson,
organisti.

# Frú Ásta Hallgrímsson (f. Thorgrímsen)

„Heillatölur" hennar eru 7 og 9: Hinar bestu, sem til eru.

Ýmsir atburðir í lífi manna virðast bundir við ákveðnar tölur, t.d. daga, mánuði og ár. Svo virðist sem talan 7 hafi verið einkennileg og all-tíð í lífi merkiskonu þeirrar, er hér er nefnd, frú Ástu Hallgrímsson:

Hún hefir jafnan verið nefnd og ávörpuð „Frú Ásta". Í því felast 7 stafir.

Hún er fædd 7/7 1857. Þversumman af þeirri tölu (ársins) er 21, og sé henni skift með þremur, kemur út talan 7.

„Frú Ásta" er 7. barn í röðinni, er foreldrar hennar áttu.

Hún fer 7 ára gömul til Kaupmannahafnar.

Fermd er hún árið 1872.

Hún fer aftur til Kaupmannahafnar 7. maí 1874 og er þá 17 ára að aldri; sér hún þá mann sinn, er síðar varð, fyrsta sinni og trúlofast honum árið 1876; þau giftast árið 1877, en það drógst 7 dögum lengur en ákveðið var í fyrstu, vegna þess, að frúin fékk ekki far með skipi, er þá fór til útlanda.

Fyrsta barn þeirra hjóna fæðist 7. júní, annað 17. desember og hið þriðja þá, er frúin er 27 ára að aldri; hið fjórða barn þeirra fæðist þá er hún er 37 ára.

Sonardóttir frúarinnar, sem skírð var sömu nöfnum, sem hún sjálf, Ásta Júlía, fæðist 7/7 og er 7. barnabarn hennar og giftist þá á 57. giftingardegi frúarinnar, 5/8, en því olli „tilviljun" ein.

„Frú Ásta" varð 70 ára 7/7 - 1927; í samsæti því, er þá fór fram í tilefni af afmælinu, kom í ljós, að þar voru 70 manns, þá er að gætt var.

„Frú Ásta" varð 80 ára 7/7 - 1937.

Faðir „frú Ástu" var fæddur 7. júní 1821. ~~[illegible]~~

Giftingar-ár Thorgrimsenshjónanna var 1847.

Kona Thorgrimsen, frú Sylvia, f. Nielsen, móðir frú Ástu, var fædd 22/7-1819.

Dótturdóttir frú Ástu, Ásta Júlía, giftist 5. ágúst 1934. Þann dag voru liðin 57 ár frá því frú Ásta sjálf giftist (5. ágúst 1877). Sé þessi 57 ár lögð við ártalið 1877 (giftingar-ár frú Ástu) kemur vitanlega fram talan 1934, en þar er þversumman 17 og af síðari tölunni, 34 ~~er hún~~ 7. — — —

Stúlka nokkur, Kristín Guðmundsdóttir, kom til frú Ástu árið 1877; var hún hjá henni og „hennar önnur hönd" um 44 ára skeið, alkunn að manngæðum og myndarskap.

Eina hina bestu gjöf, er frú Ásta telur sig hafa hlotið í búskapnum var sú, að hingað til bæjarins var Gvendarbrunnavatnið leitt, en fyrir vatninu var opnað á afmælisdegi hennar, 7/7 það ár. –

Það er eins og heillatalan 7 hafi fylgt frú Ástu alla hennar æfi: hún verður ávalt og allstaðar á vegi á merkustu æfi-dögum og árum hennar; en nú virðist svo, að önnur heillatala sé að bætast við: Það er talan 9, því nú er frúin orðin 81 árs að aldri og þar er talan 9 mestu ráðandi: 9×9 = 81, og þversumman 9.

Til frekari sönnunar þess, hve fylgispök talan 7 er við frú Ástu má bæta þessu við: Einhverju sinni dró frú Ásta happdrættismiða úr nokkrum öðrum miðum, án þess að líta á tölurröð (númer) nokkurs þeirra. Við nánari athugun kom fram nr. 1657 og vitanlega vinningur, því þar var talan 7 og einingtalan 57 og loks 1+6 = 7! (þ.e. tölur happdr.miðans 16(5)7)

Lauslega ritað og að gamni 7/7-1937 og viðbót 27/7-1938.

Jón Pálsson

Nú er frú Ásta Hallgrímsson á Elliheimilinu, herbergi nr 75!
19/5-'41